




Dunhagi 5 – Byggingarleyfisumsókn /USK23080262

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. desember 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. nóvember 2023 þar sem sótt er um leyfi til að byggja hálfopið reiðhjólaskýli úr stáli og timbri á bílastæðum við norðaustan við hús á lóð nr. 5 við Dunhaga.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag/ HverfisSKIPULAG.



Loftmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á skilgreindu svæði S1 Háskóli Íslands – Samfélagsþjónusta

Deiliskipulag/ HverfisSKIPULAG: Í gildi er deiliskipulag fyrir Háskóla Íslands, samþykkt í borgarráði 24.02.2005 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á byggingaleyfisumsókn fyrir reiðhjólaskýli.

Samþykkt var deiliskipulagsbreyting í desember 2023, þar sem skilgreindur er byggingareitur fyrir hálfopið reiðhjólaskýli. Í skilmálum er tekið fram að skýlið verði ekki meira en 65 m² að stærð. Skýlið verði með flötu þaki með gróðurþekju og vatni verði veitt í grunnvatnskerfi Vatnsmýrarinnar með blágrænum ofanvatnslausnum.

Samkvæmt teikningum sem fylgja umsókn er byggingamagn innan heimilda í skipulagi. Gert er grein fyrir að vatni af þaki verði veitt í náttúrulega viðtaka Vatnsmýrarinnar. Ekki er gerð nægilega grein fyrir því hvernig vatni verði veitt blágrænar ofanvatnslausnir, hvernig þær lausnir eru útfærðar og hvar náttúrulegir viðtakar Vatnsmýrarinnar eru staðsettir við reiðhjólaskýlið.

Niðurstaða

- Gera þarf betur grein fyrir því hvernig vatni verði veitt af þaki í grunnvatnskerfi Vatnsmýrarinnar með blágrænum ofanvatnslausnum. Að öðru leiti eru ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hrönn Valdimarsdóttir, verkefnastjóri